



ORKUSTOFNUN

Tilraunaverkefni um gerð staðfræðikorta,
gróðurkorta og landfræðilegs
upplýsingakerfis. Skýrslur um gerð
landslagslíkana. Athugasemdir

**Halldór Pétursson,
Skúli Víkingsson**

Greinargerð HP-SV-93-01

TILRAUNAVERKEFNI UM GERÐ STAÐFRÆÐIKORTA, GRÓÐURKORTA OG LANDFRÆÐILEGS UPPLÝSINGAKERFIS

Skýrslur um gerð landslagslíkana Athugasemdir

Inngangur

Orkustofnun hefur nýlega fengið í hendur tvær skýrslur um gerð landslagslíkans. Sú fyrri er eftir Ragnar Jón Gunnarsson og heitir «*Tilraunaverkefni í gerð landslagslíkans. Niðurstöður og tillaga*», en sú seinni er eftir Örn Arnar Ingólfsson hjá Ísgraf hf. og heitir «*Skýrla til Skipulags rkisins um gerð staf-ræns gagnasafns, landslagslíkans og staf-rænna myndkorta frá Ísgraf hf.*». Seinni skýrslunni fylgdi grunnkort í mælikvarða 1:25000 af hluta tilraunasvæðisins í Ölfusi.

Undirrituðum var falið af Hauki Tómassyni, forstjóra Vatnsorkudeilda Orkustofnunar, að fara yfir þessar skýrslur og gefa álit. Í þessari greinargerð er þetta álit gefið.

Skýrla Ísgrafs hf. - álit

Það fyrsta sem var athugað var hve grunnkortið sem fylgdi skýrslunni passaði vel við grunnkortið sem áður hafði verið unnið í tilraunaverkefninu og hvers gæði menn telja ásættanleg. Ekki er ástæða til að gera athugasemdir við grunnmynd kortsins þó greinilegt sé að þau passi ekki alls staðar saman, því ekki vitum við hve grunnkortið er vel yfirfarið. Ef hæðarlínugrunnurinn í kortinu er skoðaður er strax ljóst að hann er ófullnægjandi. Hæðarlínur eru alltof útjafnadar og t. d. renna ár eftir fjallshryggjum. Greinilegt er að brotlínur vantaði í landslagslíkanið. Um þetta er einnig fjallað í skýrslunni frá Ísgraf.

Annars fjallar skýrla Ísgraf um áætlaðan kostnað við gerð landslagslíkans af öllu Íslandi, og virðist áætlunin vera byggð á gerð umrædds korts. Gefnar eru tvær útgáfur á kostnaðaráætluninni og er önnur með minni brotlínumælingum en hin. Einnig er farið yfir öflun staðfræðigagna með þessari tækni. Loks er í skýrslunni farið yfir samanburð á nákvæmni korta gerðum með hefðbundnum aðferðum í myndmælingartæki og kortum gerðum með stafrænu myndmælingartæki frá Intergraf.

Um kostnaðaráætlunina höfum við eftirfarandi að segja. Í sjálfu sér er hún takmörkuð við þær forsendur sem Ísgraf notar um notkun tækja frá Intergraf og belgískt fyrirtæki sem á þau. Nú eru til á markaðinum tæki og hugbúnaður frá öðrum framleiðendum svo sem Wild og Erdas og önnur fyrirtæki sem selja slíksa þjónustu og kemur ekkert fram um hvort þau fyrirtæki eða tæki séu kannski betri eða ódýrari til verksins. Því verður áætlunin að skoðast sem ígildi tilboðs í verk-ið, en ekki almenn kostnaðaráætlun. Einnig dregur það úr gildi áætlunarinnar að kortið, sem lagt ert til grundvallar, uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til staðfræðikorta í mælikvarða 1:25000. Hefði verið nær að endurvinna hæðarlínugrunninn (landslagslíkanið) yfir á ásættanlegt form þannig að hann uppfyllti þær gæðakröfur sem gerðar eru til korts í mælikvarða 1:25000. Síðan hefði mátt gera kostnaðaráætlun byggða á

raunkostnaði við gerð kostsins og því magni brotlína sem nauðsynlegt reyndist að mæla. Hinar tvær útgáfur kostnaðaráætlunarinnar komu einnig spánskt fyrir sjónir og er ekki ljóst hverju er verið að fórnar við fækken brotlínanna og lækkun kostnaðar. Þar til full-nægjandi kort hefur verið unnið með þessari tækni er ekki hægt að segja til um hve mikil af brotlínum verður að mæla.

Um samanburðinn milli hefðbundinnar kortavinnslu og hinnar nýju aðferðar höfum við eftirfarnadi athugasemdir. Samanburðinn verður að taka með þeim fyrirvara að hér er eingöngu verið að fjalla um tækni frá Intergraf og ekki frá öðrum framleiðendum. Einnig vantar hér sögulegt yfirlit svo lesendur getir gert sér grein fyrir því hvort hér sé um svo þróaða tækni að óhætt sé fyrir Íslendinga að fara að taka hana í notkun. Hér vantar því álitsgerð frá óháðum aðila sem ekki hefur hagsmuna að gæta, svo sem Háskólanum.

Skýrsla Ragnars Jóns - álit

Í raun er skýrsla hans einungis tvær síður. Afgangur skýrslunar er ljósrit af glærum úr fyrirlestri sem hann hefur greinilega flutt. Því er lítið hægt að fjalla um efni skýrslunnar. Eftirfarandi er þó hægt að segja. Ragnar virðist telja að 25 metra möskvi sé það sem stefna skuli að. Ekki höfum við séð eða lesið neitt sem færir röksemadir fyrir því og gerir Ragnar það ekki. Þó getur verið að reynsluheimur okkar sé svo takmarkaður að þetta sé útrætt mál og 25 metra möskvi þegar valin stærð. Ragnar gengur einnig út frá Intergraf tækjum og hugbúnaði í skýrslunni og mótað það kannski af þeim tækjum sem hann notar innanhúss. Enn og aftur skal bent á það að Intergraf er ekki eini framleiðandi þessarar tækni í heiminum. Einnig söknum við um fjöllunnar frá Ragnari um þroska tækninnar þar sem hann leggur til að hún skuli tekin í þjónustu Íslendinga. Við höfum ekki verið sannfærðir um að hún sé nægilega þróuð og

vildum sjá skýrslu um not t.d. nágrannaþjóða okkar á tækninni. Ekki er ráðlegt að leggja alla grunnkortagerð Íslendinga undir þessa tækni ef vitrir menn, réttvísir og hlutlausir telja ráðlegt að því nokkur ár enn og skoða tæknina betur. Við vitum ekki til að þessi tækni hafi verið kynnt af öðrum framleiðendum en Intergraf.

Lokaorð

Ekki er verið að velja úr tilboðum núna. Ný tækni verður á þessu stigi einungis að sýna að hún sé fær um að skila afurð af nægilegum gæðum án þess að kostnaður við það komi við sögu. Þegar kemur að því að velja úr tilboðum í gerð grunnkorta af landinu, eða einstökum hlutum þess, verður kostnaður og gæði að ráða valinu. Þá gæti tilraunavinna, eins og hér er verið að fjalla um, komið að miklu gagni við að meta hvort tiltekin tilboð uppfyllt gæðakröfur. Eins og fram hefur komið hér að ofan eru gæðakröfur ekki uppfylltar og því er að okkar dómi ekki ráðlegt að fara að ráðum þeirra Ragnars og Intergraf-manna. Hins vegar þarf að safna upplýsingum frá t.d. kortagerðarstofnunum á Norðurlöndum um reynslu þeirra af þvíslíkri tækni, bæði kostnað og gæði.